

2500 ára gömul alþýðulist

Alþýðuleikhúsið frumsýnir Medeu eftir Evripídes í Iðnó 2. nóvember, en um að ræða 2500 ára gamalt leikverk í þýðingu **HELGA HÁLFDANARSONAR**. Leikstjóri er **INGA BJARNASON**. Auk sýningarinnar á verki Evripídesar gefur Mál og menning út 32 tvö verk á bók úr harmleikjum eftir Aristótels, Ekilos, Evripídes og fleiri í þýðingu Helga.



Hreinn Friðfinnsson með sýningu í París

Myndlistarmaðurinn Hreinn Friðfinnsson hefur öðlast töluverða viðurkenningu í Evrópu. Sýning á verkum hans var opnuð þann 20. október í Gallerí Claudine Papillon í París. Árið 1977 tók Hreinn þátt í opnunarsýningu Pompidou-safnsins í París og 1987 efndi Magazine í Grenobles til sýningar á verkum hans, sem vakti mikla hrifningu í frönsku listapressunni.



S.ÞÓR

Helgi Þorgils í vinnustofu sinni hjá Coca Cola: „Ég er svo mikill „nationalisti" í eðli mínu, að ég held ég fari ekkert að marki út fyrir landsteinana."

Helgi Þorgils gerir það gott á Ítalíu

— Fjórar sýningar ráðgerðar, þar af tvær í desember. Ítölskum gallerium þykir ein milljón króna ekkert tiltökumál fyrir mynd eftir Helga.

*Tvær sýningar á verkum **Helga Þorgils Friðjónssonar** verða settar upp á Ítalíu í desember og sú þriðja í mars. Þegar er búið að ráðgera fjórðu sýninguna á næsta sýningarári. Helgi Þorgils var fulltrúi Íslands á tvíæringnum í Feneyjum og vöktu myndir hans mikla athygli og seldust allar. Gallerí Toselli í Milanó, sem er eitt stærsta og viðurkenndasta gallerí í Evrópu, keypti helming verka Helga á sýningunni og nú sýnir hann þar í desember auk þess sem sett verður upp sýning í borginni Perugia.*

Helgi Þorgils hefur ekki átt upp á pallborðið hjá íslenskum listaverkakaupendum, seldi t.d. ekki eitt einasta verk í tvö ár og hefur nær eingöngu selt verk sín til íslenskra listasafna. Nú bregður svo við að myndir hans seljast á um eina milljón króna til erlendra aðila. „Þetta fer auðvitað eftir stærð myndanna," svaraði Helgi af hógværð þegar PRESSAN bar þetta undir hann. „Þegar maður selur úti fær maður einungis 50% af verði myndanna," bætir hann við.

Þú ert sem sagt að mála á fullu núna upp í sýningar?

„Ég vinn ekkert meira en venjulega. Yfirleitt vinn ég svipað og verkamaður, kannski heldur meira."

Vinnustofa Helga Þorgils er í skrifstofuhúsnæði Vífilfells (Coca Cola á Íslandi) við Hofsvallagötu, en Lýður bróðir hans er framkvæmdastjóri fyrirtækisins. Nú stendur til að selja húsnæðið og þarf Helgi að finna sér nýja aðstöðu. PRESSAN spurði hann hvort hann gæti hugsað sér að flytja út og vinna þar. „Þeir hafa boðið mér að koma og vinna þar í framtíðinni, en ég er svo mikill „nationalisti" í eðli mínu, að ég held ég fari ekki að neinu marki út fyrir landsteinana."

Þarftu ekki fljótlega að fá þér aðstoðarmenn?

„Nei, en þeir spurðu mig hins vegar hversu marga ég hefði," svarar Helgi og brosir. „Þeir hringdu hingað þegar þeir voru búnir að komast að því hvar ég væri og töluðu við konuna sem vinnur á símanum. Þeim fannst ekkert óeðlilegt að ég hefði sérstaka manneskju sem tæki við skilaboðum. Það sýnir kannski best þann aðstöðumun sem listamenn búa við."



S.ÞÓR

„Ákvað að koma út úr sturtunni," segir Bogomil Font, betur þekktur sem Sigtryggur Baldursson sykurmoli.

Konráð bé á toppnum

*„Við teljum okkur vera búin að meika það. Draumurinn var alltaf að fá að spila á Sögu," sagði **Bogomil Font**, söngvari djasshljómsveitar **Konráðs Bé**, í samtali við PRESSUNA, en Bogomil er betur þekktur sem **Sigtryggur Baldursson**, trommuleikari Sykurmola. Þessi langþráði draumur Konráðs Bé varð að veruleika síðastliðið fimmtudagskvöld er hljómsveitarmeðlimir stigu á sviðið á Sögu fyrir framan fjölda áhorfenda.*

„Hugmyndin varð til á ferðalagi Sykurmolanna í Júgóslavíu, en þá fór **Bragi** (bassaleikari Sykurmolanna) að tala um að sig hefði alltaf langað til að verða trommuleikari í djasshljómsveit. Um svipað leyti uppgötvaði ég að mig hafði alltaf langað til að verða söngvari. Því ákvað ég að koma út úr sturtunni," sagði Sigtryggur í samtali við PRESSUNA að loknum hljómleikunum.

Hljómsveitin ber nafn Braga Ólafssonar, en Bragi hefur notað nafnið Konráð Bé við margvísleg tækifæri. Auk hans og Sigtyggs eru í bandinu tíu til tólf aðrir, þar á meðal **Einar Örn** súpersykurmoli, sykurmolarnir **Björk Guðmundsdóttir**, **Margrét Örnólfsdóttir**, risaeðlurnar **Dóra Wonder**, **Magga Stína** og **Ívar**, en í Konráði Bé leika menn við hvern sinn fingur, gjarnan á önnur hljóðfæri en hingað til.



S.ÞÓR

Brynhildur

Glerskúlptúrar með rætur í pönkinu

Stór sýning á verkum **BRYNHILDAR ÞORGEIRSDÓTTUR** hefst á Kjarvalsstöðum á laugardag, en Brynhildur hefur síðustu ár verið búsett í Bandaríkjunum. Brynhildur er framsækin í listsköpun sinni, enda á hún um margt öðruvísi bakgrunn en venjulegir myndhöggvarar, hefur t.d. ekki hefðbundna myndhöggvaramenntun. Eftir nám í Myndlista- og handíðaskóla Íslands lagði hún stund á glerlist og hefur síðan unnið út frá möguleikum glersins í höggmyndalistinni. Á sínum tíma var Brynhildur undir sterkum áhrifum frá pönk- og nýbylgjustraumum og á það sinn þátt í því að gera formheim hennar sérstakan í íslensku samhengi.